

Fundargerð 115. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 22. febrúar 2022 kl. 14:00-15:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Eva Margrét Kristinsdóttir, Magnús Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar (fskj. 01. Fundarg. 114. fundar)

Afgreiðsla: Fundargerð 114. fundar var samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum til undirritunar.

2. Úthlutunarnefnd þróunarverkefna

Komnar eru tilnefningar frá ASÍ, SA og Félagsmálaráðuneytinu. Enn vantar tvo fulltrúa, BSRB og Skólameistarafélagsins.

Afgreiðsla: BG tali við BSRB, en MI heyrir í Skólameistarafélaginu. Niðurstaða liggja fyrir sem fyrst svo boða megi nefndina saman.

3. Tillögur að forgangssviðum þróunarverkefna

Fram eru komnar eftirfarandi tillögur:

- Efling stafrænnar hæfni í kennslu vegna þróunar starfa.
- Þróun kennsluhátta í framhaldsfræðslu.
- Raunfærnimat í atvinnulífinu sem byggir á hæfnigreiningum starfa.
- Þróun á samvinnukerfi fræðsluaðila varðandi námsefni. Höfum mikinn áhuga á því að samþætta og samnýta þekkingu, verkefni og upplýsingar sem til eru hjá ólíkum fræðsluaðilum.
- Mál og menning. Verkefni og/eða verkfæri sem styðja með einum eða öðrum hætti kennslu/miðlun í íslensku máli og menningu. Áhersla á notkun á vinnustöðum samhliða störfum með þátttöku vinnuveitanda og samstarfsfólks.
- Færni framtíðar. Efni og umhverfi sem styður færni framtíðar.

Afgreiðsla: Huldu Önnu Arnljótsdóttur, varformanni, ásamt Eyrúnu Björk Valsdóttur, Hildi Betty Kristjánsdóttur, framkv.stj. FA og Birni Garðarssyni, frá FA falið að útfæra nánar eftirfarandi tillögur að forgangssviðum:

- Efling stafrænnar hæfni í kennslu og samstarfi fræðsluaðila
- Gerð og þróun rafrænna námsgagna og talæfinga í íslenskukennslu fyrir innflytjendur, sérstaklega á neðri þrepum evrópsk tungumálaramma.

- Mál og menning. Verkefni og/eða verkfæri sem styðja með einum eða öðrum hætti kennslu/miðlun í íslensku máli og menningu.

Einnig er þeim falið að koma með tillögu hvort nýta eigi allt fé sem tekið hefur verið frá til þróunarverkefna í úthlutun, eða hvort halda eigi eftir hluta þess til ráðstöfunar í sérstakt stærra verkefni. Tillögurnar verði sendar stjórnarmönnum til afgreiðslu milli funda til afgreiðslu og samþykkist, en staðfestar endanlega á næsta fundi.

4. Erindi frá samstarfsaðilum

- a. **Svar við erindi Visku í Vestmanneyjum – framh. frá síðasta fundi** (fskj. 04.a)

Afgreiðsla: Samþykkt var að koma til móts við erindi Visku með þeim hætti að Fræðslusjóður greiði 50% af framlagi sínu eins og það hefið átt að vera við eðlilegar kringumstæður.

Formanni falið að ganga frá skriflegu svari og senda stjórnarformanni Visku.

Þessi afgreiðsla er ekki fordæmisgefandi fyrir stjórn Fræðslusjóðs eða samstarfsaðila hans og ekki hægt að vísa til hennar í öðrum málum er kunna að koma inn á borð stjórnar Fræðslusjóðs.

- b. **Kvasir – Hólfaskipting** (fskj. 04.b)

Kvasir óska eftir að fræðsluaðilum verði heimilt að leita eftir heimild Fræðslusjóðs um að flytja fjármagna milli úthlutunarflokka, líkt og var í gildi árin 2020 og 2021.

Afgreiðsla: Samþykkt var að heimila óbreytt fyrirkomulag á flutning milli flokka og var í gildi til ársloka 2021. Heimilt er, að fengnu leyfi Fræðslusjóðs, að færa allt að 50% af úthlutun til einstakra verkefnaflokka (Námleiða, Ráðgjafar og Raunfærnimats) þeirra á milli. Gildir heimildin til loka árs 2022.

FA upplýsi Kvasi um afgreiðsluna.

- c. **Kvasir – Túlkabjónusta** (fskj. 04.c)

Afgreiðsla: Frestað fram til næsta fundar.

5. Önnur mál

- a. **Færsla Fræðslusjóðs til ráðuneytis félagsmála og vinnumarkaðar**

Fyrir liggur að málefni framhaldsfræðslunnar eru að flytjast til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður stjórnar Fræðslusjóðs og sérfræðingur í málefnum framhaldsfræðslunnar hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu mun flytjast með málaflokknum til nýs ráðuneytis og sinn honum áfram þar á skrifstofu vinnumarkaðar og endurhæfingar.

- b. **Nýr vefur FA**

FA opnaði endurnýjaðan vef sinn (www.frae.is) á ársfundi sínum þann 3. febrúar s.l. Þar er að finna ýmsar upplýsingar og gögn um framhaldsfræðslu og Fræðslusjóð.